

## Upp á Sigurhæðir - saga Matthíasar Jochumssonar (2006)

**Bókarhöfundur:** Þórunn Erlu Valdimarsdóttir

**Bókarheiti:** Upp á Sigurhæðir – saga Matthíasar Jochumssonar

**Gagnrýnandi:** Ásdís Káradóttir

**Útgáfa:** JPV útgáfa, Reykjavík 2006, 672 bls.

Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2006 í flokki fræðiritra og rita almenns efnis.

### Á BRATTANN TIL STJARNANNA

Saga Matthíasar Jochumssonar (1835-1920) eftir Þórunni Erlu Valdimarsdóttur er engin smásmíði, frekar en Matthías sjálfur, fyrirferðarmikill að því er virðist í hverju sem hann tók sér fyrir hendur, áberandi í orði og æði. Þótt titill bókarinnar, Upp á Sigurhæðir, sé ekki þrunginn lítillæti er hins vegar ekkert stórgert við söguna. Hér er nostrað við hvert smáatriði. Margra ára heimildavinna liggur að baki og yfirgrípsmikil rannsókn á lífshlaupi Matthíasar.

Ævi Matthíasar var enginn dans á rósum. Á ævigöngu sinni upp brattann til Sigurhæða er hann í fjölmörgum hlutverkum. Við þekkjum hann best núorðið sem prestinn og sálmaskáldið, höfund þjóðsöngsins, en vitum minna um verslunarsveininn, skólapiltinn, leikskáldið, eiginmanninn, föðurinn, ferðalanginn, þýðandann, guðfræðinginn, ritstjórnann o.s.frv. Í bókinni er söguhetjunni lýst í öllum þessum rullum.

### Innblásinn og tilfinningaríkur

Eins og gefur að skilja rata erindi úr kvæðum og vísuþrot ósjaldan inn í frásögnina og gæða hana lífi, þótt bókmenntamenn hefðu eflaust sums staðar viljað kafa dýpra í greiningu á ljóðum Matthíasar og sálum en Þórunn gerir. En hún tilfærir kveðskapinn þegar hann fellur að sögunni og velur erindi og stef þegar það á við, oft til að undirstrika atburði í lífi skáldsins og til að sýna hvað söguhetjan fæst við á hverjum tíma. Sem dæmi má nefna að í köflunum um uppvöxt Matthíasar í Skógum í Þorskafirði eru bæði kvíðlingar um hann ungan, vísur eignaðar honum og kvæði sem hann hefur samið síðar á ævinni.

Þórunn þykist sjá hvernig skapgerð Matthíasar hefur mótast strax í bernsku, t.d. það að hafa verið litla barnið, yngstur þriggja bræðra til fimm ára aldurs, og hann því haft ríka þörf fyrir að sanna sig, þótt barnahópur Þóru og Jokkums yrði stærri síðar. „Kjarninn úr heimi bernskunnar varir alla ævi“ segir Þórunn (bls. 25). Fleira tínir hún til frá þessum mótunarárum sem vísar fram í tímann og gefur vísbendingar um það sem koma skal. Þótt sagan sé rituð í tímaröð eða því sem næst er oft gefið í skyn hvað henda mun Matthías síðar á ævinni. Oftsinnis nefnir hún t.d. eiginkonurnar þrjár, en tvær þær fyrri missti hann eftir stutt hjónaband sem reyndist honum þungbært. Með þessu móti skapast spenna.

Þórunn dregur upp svipmyndir úr Flatey, þar sem Matthías var búðarsveinn um nokkurra ára skeið og undirbjó sig síðar fyrir nám í Lærða skólanum. Hún lýsir líka bæjarlífinu í Reykjavík þar sem Matthías dvaldist lengi við nám og störf og öðrum stöðum þar sem hann drap niður fæti á lífsleiðinni, á Kjalarnesi, Odda, Akureyri og víðar. Kaflar um nám Matthíasar í Lærða skólanum eru skemmtilesning. Þar er sagt frá því þegar hann lætur fyrst að sér kveða í Reykjavík og hlotnast virðing og viðurkenning sem skáld og frá uppsetningu og útgáfu leikritsins Útilegumannanna, síðar Skugga-Sveins. Þá leiðir Þórunn getur að því að hann hafi verið höfundur skopsögunnar Föstuinngangurinn 1861 sem ónefndir skólasveinar eða sveinn sömdu.

Ýmsum samtíðarmönnum Matthíasar bregður vitaskuld fyrir í sögunni og sumir skjóta oftar upp kollinum en aðrir. Persóna Jóns Sigurðssonar svífur yfir vötnum, nálæg og fjarlæg í senn, dapurleg örlög Sigurðar málara liggja í loftinu og öfluglyndi Benedikts Gröndals drýpur af síðunum. Sambandi skáldapríeykisins, þeirra Benedikts, Matthíasar og Steingríms Thorsteinssonar, perluvinar hans, er vandlega lýst. Að því kemur að vinslit verða með Matthíasi og hinum tveimur en þegar þar er komið sögu hefur Þórunn oft tæpt á því og gefið í skyn hvað verða vill svo það kemur lesandanum síst á óvart. Matthías virðist hafa troðið mörgum um tær og farið í taugarnar á fólki. Hann var gríðarlega afkastamikill en mistækur eftir því, háfleygur, innblásinn og tilfinningaríkur, og varð fyrir vikið oft skotspónn manna. „Peir sem setja sig á stall í listum verða að taka lasti jafnt sem hóli“ enda var Matthías æði „frekur á ást og athygli“ (bls. 374).

### Frjálslyndur klerkur og kvenfrelsisinni

Það er einkum í kaflanum um ritstjórnarár Matthíasar sem stjórnálaskoðunum hans er lýst. Reyndar er í framhjálaupi getið um að hann hafi verið kjörinn varapingmaður fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1871 (bls. 258), þá prestur á Móum á Kjalarnesi, en án frekari skýringa og eða útlistana á því hverjum hann fylgdi að málum. Á umrótatímum á ævi sinni sigldi Matthías til Bretlands, komst í kynni við Robert Spears, „dynamo“ únitara á 19. öld. Úr varð að únitara keyptu tímaritið Þjóðólf, sem kom út í Reykjavík viku- eða hálfsmánaðarlega, og fólu Matthíasi ritstjórnina. Það var aðalstarfi hans um sjö ára skeið.

Ungur hafði Matthías haft vetursetu í Kaupmannahöfn og kynnst Jóni Sigurðssyni. Snemma á ritstjórnartíð sinni á Þjóðólfi kemst hann upp á kant við fylgismenn Jóns með því að neita að birta nafnlausu grein þar sem sótt er að Jóni Hjaltalín landlækni, góðvini Matthíasar. Þar með tekur hann afstöðu gegn fylgismönnum Jóns Sigurðssonar og það reynist honum dýrkeypt. Öll árin á ritstjórnarstóli átti hann í stælum um stjórnámál og fékk á sig orð fyrir að vera vingull í pólitík. Áskrifendafjöldi Þjóðólfs hélst þó nokkuð óbreyttur í hans tíð, var um 1.100 manns. Matthías er miðjumaður í pólitík, tekur gjarnan varfærna afstöðu en tekst að stygga bæði íhaldsmenn og þjóðernissinna. En hann skrifaði í Þjóðólf um fjölmargt sem horfði til framtíðar á flestum sviðum þjóðlífs, hvort sem snerti atvinnumál, löggjöf, samgöngur, verslun, menntun eða menningu (bls. 331-332).

Þórunni virðist í mun að koma auga á hugmyndir Matthíasar í átt til kvenfrelsis. Meðal kunningja hans, bendir Þórunn á, voru menn sem létu til sín taka í þessum efnum. Í Þjóðólf ritaði hann af „umhyggju“ fyrir konum, studdi stofnun kvennaskóla, orti ýmis ljóð í anda kvenfrelsis og „stóð nærri frumkviku kvennabaráttunnar“ (bls. 279). Þegar íslenskar konur fengu kosningarétt 1915 orti Matthías kvæðið „Fullrétti kvenna“. Þar eru hendingarnar: Hvað þóldir þú, þíndist þú, móðurætt mín? / Ó, mannheimur, karlheimur, blygðastu þín! (bls. 529).

Þórunn ræður í ævi skáldsins með nútímahugmyndir um stöðu kvenna að vopni, spáir í spilun, getur í eyðurnar og setur fram sína túlkun á atburðum og orðum. Hún gerir sér far um að ráða í örlög ýmissa kvenna í lífi Matthíasar, t.d. hvernig Guðrúnu, þriðju eiginkonu hans, leið eftir að hafa alið honum barn í lausaleik en um hríð var óvíst að þau næðu saman og Mattheu, elstu dóttur þeirra, þegar hún féll í skuggann af litla bróður sínum og fékk ekki sömu athygli föðurins.

Áherslan í bókinni er ekki síst á prestinn og guðfræðinginn, frjálsslyndan í trúmálum á sínum tíma og boðbera únitara á Íslandi, þótt nokkuð leynt færi um sinn. Samkvæmt Þórunni aðhyllist Matthías þó helst heimspeki og guð kærleikans og hún lýsir því hvernig lífsspeki hans þróaðist smám saman og hvernig einstakir viðburðir og áföll á ævi hans höfðu áhrif þar á.

### **Virðing og væntumþykja**

Engu er líkara en andríki þjóðskáldsins hafi snortið Þórunni við ritun bókarinnar, þótt hún hafi oft áður sýnt tilþrif í skrifum, svo sem í Snorra á Húsafelli. Það rit þótti sæta tíðindum enda íslensk sagnfræði í nýstárlegum búningi. Stíll Þórunnar er hnökralaus en aldrei hversdagslegur. Hann er persónulegur og orðalag víða óvænt, sumt eflaust sótt í heimildir, annað úr orðaforða víðlesins fræðimanns. Framsetning rannsóknarinnar er fumlau og frumleg.

Þórunn gefur sér tíma til að staldra við atvik í ævi Matthíasar sem sum virðast harla lítilvæg, en sem í hugleiðingum hennar og skrifum öðlast þýðingu fyrir framvinduna og þjóna tilgangi í frásögninni. Hana hefði þó mátt stytta og þetta, ýmislegt smálegt líklega mátt missa sig, t.d. margnefnt kossaflens klerksins í kveðjuorðum bréfa, svo eitthvað sé af handahófi nefnt. Ósjaldan er í bókinni minnst á hver aldur Matthíasar er skráður í kirkjubækur, hvenær hann tók upp á því að skrifa sig Jochumsson í stað Jokkumssonar og þá spilar nefið á söguhetjunni stóra rullu líka! Var hann myndarlegur eða ekki – eða yfir það hafinn að í slíkt væri spáð? Þórunn kemur að þessu aftur og aftur. Lesandinn stendur sig því ósjálfrátt að því að rýna í ljósmyndir af Matthíasi og spekulera í nefinu stóra.

Heimildir Þórunnar eru gríðarmargar. Hún sækir ekki síst í bréf Matthíasar til vina og kunningja en hann var afar afkastamikill við bréfaskriftir og oft er vitnað í sjálfsævisöguna, Sögukaflar af sjálfum mér. Ítarleg kaflaskipt tilvísanaskrá er aftast í bókinni en þar sem enginn hægðarleikur er að handfjatla doðrantinn fletta vísast fáir upp í henni og aðeins þeir sem gripnir eru óstjórnlegri forvitni um heimildir fyrir tilteknum atriðum.

Bókin er skemmtileg aflestrar og Þórunn gerir lífshlaupi söguhetjunnar góð skil, frá smástráknem sem

byrjaði að vinna fyrir sér á 12. ári að stjörnuskáldinu á Sigurhæðum. Hún skrifar um Matthías af virðingu og væntumþykju og leggur víða til frumlega túlkun á ævi hans.